

Halldór Karl Hermannsson

From: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 10. júlí 2019 13:52
To: Kjartan Már Kjartansson; Halldór Karl Hermannsson
Subject: Niðurrif á togaranum Orlik
Attachments: 10100_matsskyldurfyrirspurn_orlik_SKN_190709.pdf; áhættumat og viðbragðsáætlun_Orlik_SKN 190709.pdf

Skipasmíðastöð Njarðvíkur hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttekin 9. júlí 2019, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Reykjanesbær gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Reykjanesbær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun sem fyrst en eigi síðar en 22. júlí 2019 og einnig á tölvupóstfang: jakob@skipulag.is og jon@skipulag.is

Jakob Gunnarsson

Sviðsstjóri, umhverfismat / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun